

Tillaga til bæjarstjórnar

Tillögu flytjandi: L listi Vina Mosfellsbæjar

Efni: Tillögur L lista Vina Mosfellsbæjar við fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar 2025

Dags: 15. nóvember 2024

Tillaga 1

Vinir Mosfellsbæjar leggja til að stofnaður verði sérstakur námssjóður fyrir starfsfólk sveitarfélagsins.

Rökstuðningur

Mosfellsbær er framsækið sveitarfélag og vill gera vel við sitt starfsfólk. Því leggja Vinir Mosfellsbæjar til að stofnaður verði námssjóður sem gerir fólkinu okkar það kleift að sækja sér starfstengt nám eða starfstengd námskeið. Sjóðurinn getur verið hvatning fyrir það starfsfólk sem hefur ekki fjárhagslegt svigrúm til að sækja sér menntun.

Með þessari tillögu stígur Mosfellsbær fram og hvetur sitt fólk áfram til góðra verka.

Tillaga 2

Vinir Mosfellsbæjar leggja til að Mosfellsbær taki forystu í að efla almenningssamgöngur sem raunhæfan valkost. Breytingar á rótgrónum venjum og hugarfari taka langan tíma og því ekki til neins að bíða ef tryggja á að þær gríðarlega fjárfestingar sem Borgarlínan kalla á skili fullum ávinningi þegar að þeim lýkur.

Í ljósi þessa leggja Vinir Mosfellsbæjar til eftirfarandi tillögur í tengslum við gerð fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar 2025 til 2028:

- Leið 15 verði gerð að "Borgarlínu"-hraðstrætó til að stytta eins og kostur er ferðatíma milli Mosfellsbæjar og Reykjavíkur, en í dag fer um helmingur þess tíma að komast í gegnum Mosfellsbæ (ca. 25 mín. af 50). Þannig myndi leiðin 15 aka áfram um Vesturlandsveg við hringtorg við Skarhólabraut/Baugshlíð í austurátt í stað þess að beygja niður Baugshlíð, snúa við á hringtorg við Varmá og koma upp að stoppistöð í Háholti - eins og t.d. leið 57 gerir í dag. Þaðan færi leiðin aftur upp á Vesturlandveg og beint í vesturátt. Ekið að stoppistöð við Lágafell og beint áfram til Reykjavíkur.
- Kominn verði á fót innanbæjarstrætó sem keyrir á 10-15 mín. fresti eftir nýjum leiðum sem tengja hverfi Mosfellsbæjar og koma þannig í staðinn fyrir þann hluta af núverandi leið 15 sem tillaga A tekur til, sem og núverandi leið 7. Innanbæjarstrætó myndi jafnframt fæða hraðstrætó númer 15 farþegum sem halda áfram út fyrir bæjarmörkin. Hönnun og útfærsla nýrra innanbæjarstrætóleiða verði unnin í samráði við Strætó og taki sérstaklega mið af þörfum yngri notenda og eldri borgara.
- Frítt verði í strætó fyrir börn í 7.-10. bekki grunnskóla bæjarins (12-16 ára) sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu – svipað og nú er gert í sundlaugum bæjarins. Mosfellsbæ hvetji jafnframt eldri ungmenni til notkunar almenningssamgangna með því að tryggja 50% niðurgreiðslu á Nema-korti strætó til 18 ára aldurs.

Rökstuðningur

Við viljum hvetja og efla unga fólkið okkar í að nýta sér almenningssamgöngur. Því fleiri ungmenni sem eiga kort því fleiri framtíðarnotendur að almenningssamgöngum verða til. Þetta er hagur sveitarfélagsins, Strætó og ekki síst heimilanna. Benda má sérstaklega á þann hóp nemenda sem býr utan nýrrar fjarlægðarlínu frá grunnskólum og fjölskyldur hafa þurft að greiða fyrir almenningssamgöngur í haust.

Tillaga 3

Vinir Mosfellsbæjar leggja til að ráðinn verði inn fjármálaráðgjafi fyrir skólastjórnendur í Mosfellsbæ. Markmiðið er að létta álagi af stjórnendum og stuðla að því að þeir geti orðið þeir faglegu leiðtogar sem við viljum að þeir séu.

Rökstuðningur.

Starf skólastjórnandans er fjölbreytt, annasamt, krefjandi og flókið. Viðfangsefnin eru margvísleg og af ýmsum toga. Í okkar stjórnendahópi erum við með stjórnendur sem eru að stíga sín fyrstu skref í stjórnun, aðra sem hafa nokkurra ára reynslu og að lokum reynslumikla stjórnendur. Hópurinn á það sammerkt að hafa fengið krefjandi verkefni í fangið. Því teljum við í Vinum Mosfellsbæjar mikilvægt að við stígum inn og léttum álagi af fólki.

Fjármálaráðgjafi þarf ekki að vera fastráðinn starfsmaður, hann getur t.d. verið verktaki eða í tímavinnu.